

## Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 26. september 2022 vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2-4 við Járnháls.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2-4 við Járnháls, birtist í Fréttablaðinu á morgunn, þriðjudaginn 27. september 2022. Tillagan er í kynningu frá 27. september 2022 til og með 8. nóvember 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/jarnhals-2-4>

### Járnháls 2-4

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. ágúst 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 1. september 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Járnháls. Í breytingunni sem lögð er til felst að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir. Kvöð um umferð er sett á lóðina fyrir umferð að Krókhálsi 3 (neðri hæð) ásamt því að ný lóðarlína er dregin í miðju þeirrar kvaðar og bætt við umferð að Krókhálsi 1 (neðri hæð). Byggingarreitir eru stækkaðir og nýtingarhlutfall hækkað ásamt því að kvaðir sem eru á mælibleði fyrir Járnháls 2-4 eru færðar inn á deiliskipulagsupprátt og ný aðkoma er gerð að lóð nr. 4. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **27. september 2022 til og með 8. nóvember 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 8. nóvember 2022. Vinsamlegast notið uppgið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

mkv.

**Þuríður Guðmundsdóttir**

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 411 1111 / 411 1111

[thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is)



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)